



# STARFSLÝSING

**Svið:** Skóla- og fristundasvið

**Vinnustaður:** Leikskóli

**Starfsheiti :** SFS 5330.þroskaþjálfí

**Starfsheiti næsta yfirmanns:** Leikskólastjóri eða  
annar sem leikskólastóri ákveður

**Stéttarfélag :** 5330

**Ístarf númer:**

## Almennt um starfið

### Markmið og tilgangur starfs

Þroskaþjálfí starfar samkvæmt reglugerð um þroskaþjálfa, siðareglum þroskaþjálfa, lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga. Einnig starfar hann eftir aðalnámsskrá leikskóla og stefnu viðkomandi leikskóla. Þroskaþjálfí starfar í leikskóla og sér um þjálfun barna og vinnur undir leiðsögn yfirþroskaþjálfa/deildarstjóra/sérkennslustjóra.

### Verksvið eða megin verkefni

- Gerir einstaklingsáætlanir í samráði við yfirþroskaþjálfa, deildarstjóra, sérkennslustjóra, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Gerir færni- og þroskamat í samráði við yfirþroskaþjálfa, deildarstjóra og sérkennslustjóra.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn, fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila og skilar niðurstöðum til næsta yfirmanns og foreldra.
- Tekur þátt í deildarfundum, starfsmannafundum og starfsdögum þar sem það á við.
- Tekur þátt í deildarstarfi eftir því sem geta barnsins leyfir og sér um að fella þjálfun barnsins sem mest inn í leikskólastarfið.
- Veitir foreldrum barnsins ráðgjöf og leiðbeiningar er lúta að fötlun þess.
- Annast upplýsingaöflun og upplýsingagjöf vegna sérþarfa barnsins til starfsmanna inn á deild þannig að allir á deild geti komið að umönnun þess.
- Situr teymisfundi og aðra fundi sem viðkoma barninu hverju sinni.
- Vinnur önnur þau verkefni sem næsti yfirmaður felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs þroskaþjálfa.

### Ábyrgð í starfi

- Ber ábyrgð á og annast þjálfun og umönnun barna í leikskóla.
- Ber ábyrgð á samskiptum við fjölskyldur fatlaðra barna.
- Stendur vörð um réttindi barna og stuðlar að því að þau njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Ber aðalábyrgð á að börn með fötlun eða þroskafrávik þjálfist í margvíslegum aðstæðum og að þau öðlist færni í athöfnum daglegs lífs.
- Miðlar upplýsingum varðandi sérþarfir barna til þeirra er málið varðar hverju sinni.
- Stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til barna með fötlun eða þroskafrávik.
- Hefur umsjón með hjálpartækjum, s.s hjólastólum, spelkum, sondu, tölvubúnaði og öðru sem á þarf að halda.

- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.

## Grunnkröfur

Menntun og/eða réttindi sem krafist er:

- Þroskaþjálf, starfsleyfi til að starfa sem þroskaþjálf.

Reynsla sem krafist er:

- Reynsla af starfi með fötluðum börnum(æskileg)

Hæfni sem krafist er:

- Hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi.
- Almenn tölvukunnáttu.

## Samskiptafærni og samstarfsaðilar í starfinu

Daglega eru samskipti við yfirþroskaþjálfa, deildarstjóra, sérkennslustjóra, stjórnendur, annað starfsfólk leikskólans, stofnanir og foreldra.

Sjaldnar er samstarf við sérfræðinga, s.s Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þjónustumiðstöðvar í hverfum, starfsmenn ferðaþjónustu fatlaðra og aðra fagaðila sem koma að þjálfun barns.

## Vinnuaðstæður:

Vinnur við krefjandi aðstæður líkamlega. Andlega s.s. ofbeldi, alvarlegt áreiti, hótanir og ógnandi hegðun.

Vinnur með búnað t.d hjólastóla. lyftur o.fl.

Vinnur oft i húsnæði sem er ekki hannað með þarfir fatlaðra einstaklinga í huga.

## Sérverkefni starfsmanna:

Annað:

Reykjavík, 23.10.2014

  
Undirskrift yfirmanns